

Æskulýðssjóður

Stuðningur við ungt fólk og
æskulýðssamtök.



EYF styrkir samvinnu ungs fólks með því að styrkja evrópsk verkefni sem stuðla að friði, skilningi og samstarfi ungs fólks í Evrópu og um allan heim, með mannréttindi að leiðarljósi.



COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



EVROPURÁÐIÐ OG UNGMENNI

Markmið Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og efla mannleg gildi og almenn lífsgæði um alla Evrópu. Í kjölfar heimsstyrjaldarinnar árið 1949 var Evrópuráðið stofnað og eru því elstu stjórnáttættir Evrópu. Aðildarríki Evrópuráðsins eru í dag 46 talsins.

HLUTVERK UNGMENNAEILDARINNAR

Hlutverk ungmennadeildar Evrópuráðsins er að „gera öllu ungu fólki í Evrópu kleift að lyfta upp, vernda, kynna og nýta sér grunn­gildi Evrópuráðsins.“

Þessu er framfylgt með milliríkjasamvinnu í æskulýðs­áætlunum, þjálfun og fræðslustarfsemi tengdri mannréttindum og lýðræði, herferðum og samvinnuverkefnum, þróun rannsókna, og stuðningi við verkefni æskulýðsfélaga.

FORGANGSVERKEFNI UNGMENNAEILDARINNAR

- ▶ að endurlífga fjölflokkalýðræði, efla lýðræðislega borgaravitund, þátttökuferla, fjarlægja takmarkanir til þátttöku;
- ▶ aðgangur ungs fólks að réttindum, stuðningur við innleiðslu Evrópuráðsins á stöðlum á þessu sviði, efling á mannréttindafræðslu;
- ▶ að stuðla að friðsælum samfélögum án aðgreiningar, barátta gegn mismunun, ofbeldi og útilokun, og efling á samheldni í Evrópu, alþjóðlegri samstöðu, friði, fjölbreytni, samtali sem nær þvert á menningar og kynslóðir, og sjálfbærni í umhverfismálum;
- ▶ æskulýðsstarf, efla, viðurkenna, styðja við, bæta gæði og auka aðgengi og aðdráttarafi æskulýðsstarfs.

(Stefna Ungmennadeildarinnar 2030)

Í ungmennadeild Evrópuráðsins taka fulltrúar æskulýðssamtaka jafnan þátt í ákvarðanatöku með fulltrúum aðildarríkja þegar kemur að forgangsmálum, verkefnum og stefnum deildarinnar.



ÆSKULÝÐSSJÓÐUR EVRÓPU

Æskulýðssjóður Evrópu (EYF) veitir fjárhags- og fræðslustyrki til aðildarríkja Evrópuráðsins og samningsríkja Menningarsáttmála Evrópu. Styrkhæf eru verkefni æskulýðssamtaka sem þróuð eru af, með og fyrir ungt fólk.

Æskulýðssjóður Evrópu (EYF) var stofnaður af Evrópuráðinu árið 1972.

Leiðbeinandi fyrir EYF: MEÐ og FYRIR ungt fólk.

ÆSKULÝÐSSJÓÐURINN Í STUTTU MÁLI

- ▶ Sjóður til að styrkja æskulýðsstarf og æskulýðssamtök í Evrópu
- ▶ Verkfæri ungmennadeildar Evrópuráðsins til að efla gildi og forgangsmál stofnunarinnar
- ▶ Samstarfsaðili fyrir æskulýðsfélög og tengslanet innanlands og á alþjóðavísu til að styrkja borgaralegt samfélag.

ÁRLEGA

- ▶ Styrkir EYF í kringum 200 æskulýðsverkefni
- ▶ Ná verkefni styrkt af EYF til u.þ.b. 15.000 ungmenna
- ▶ Úthlutar EYF um 3.5 milljón evrum í styrki til æskulýðssamtaka og frjálsra félagasamtaka.

EYF er með aðsetur í ungmennamiðstöð Evrópuráðsins í Strassborg, Frakklandi. EYF er hluti af ungmennadeild skrifstofunnar fyrir lýðræði. Vinnutungumál EYF eru enska og franska.



HVERS KONAR VERKEFNI STYRKIR ÆSKULÝÐSSJÓÐUR EVRÓPU?

- ▶ Verkefni sem ætluð eru til að efla frið og samvinnu meðal ungmenna, stuðla að tengslamyndun, miðlun og gagnkvæmum stuðningi
- ▶ Verkefni ungmenna sem samræmast gildum, grunnreglum og forgangsmálum ungmennadeildar Evrópuráðsins
- ▶ Fjölbreytileg viðfangsefni eins og fræðsluverkefni, uppbyggjandi starfsemi, rannsóknir, úrræði á netinu og fræðslu- og upplýsingaefni.

EYF styrkir verkefni sem:

- ▶ varða ungmenni á aldrinum 15 – 30 ára;
- ▶ grundvallast á þörfum og væntingum ungmenna;
- ▶ fela í sér tengingu við Evrópu;
- ▶ byggja á óformlegu námi;
- ▶ taka tillit til jafnréttis kynjanna og ná til jaðarhópa.

ÆSKULÝÐSSJÓÐUR EVRÓPU STYRKIR EKKI

Starfsemi svo sem viðskiptaverkefni, stofnfundi, mannúðarstarf, íþróttaviðburði, byggingaframkvæmdir, ferðamál eða námsstyrki.

HVERJIR GETA SÓTT UM EYF STYRKI?

Æskulýðssamtök og frjáls félagasamtök frá aðildarríkjum Evrópuráðsins og samningsríkjum Menningarsáttmála Evrópu:

- ▶ æskulýðssamtök á svæðis- eða landsvísu;
- ▶ alþjóðleg æskulýðssamtök með tilvist í minnst sjö löndum;
- ▶ alþjóðleg net æskulýðssamtaka frá minnst sjö löndum;
- ▶ net svæðisbundinna æskulýðssamtaka frá 4-6 löndum.

Stofnanir sem sækja um styrk verða:

- ▶ að vera sjálfseignastofnanir og áhugahópar sem eru reknar án hagnaðar;
- ▶ að hafa eigin reglugerðir;
- ▶ að vera undir leiðsögn ungmenna: reknar af og fyrir ungmenni á aldrinum 15-30 ára;
- ▶ starfa í samræmi við gildi og grundvallarreglur Evrópuráðsins.



STYRKIR ÆSKULÝÐSSJÓÐS EVRÓPU (EYF)

EYF veitir fjórar tegundir styrkja:

- ▶ styrki til verkefna á svæðis- eða landsvísu (tilraunastarfsemi) sem takast á við áskoranir í lífi ungmenna og þarfir þeirra;
- ▶ styrkir til alþjóðlegra verkefna. Fundir ungmenna eða æskulýðsleiðtoga með skýra tengingu við Evrópu;
- ▶ styrkir til alþjóðlegra æskulýðsfélaga og tengslaneta til að styðja árlegar vinnuáætlanir þeirra (röð af tengdum verkefnum) yfir eins árs tímabil;
- ▶ rekstrarstyrkir til alþjóðlegra æskulýðsfélaga og tengslaneta til aðstoðar við almennan umsýslukostnað.

FRÆDSLUSTARFSEMI ÆSKULÝÐSSJÓÐS EVRÓPU (EYF)

EYF veitir:

- ▶ æskulýðssamtökum ráð til að bæta umsóknir sínar til sjóðsins;
- ▶ æskulýðssamtökum fræðslu og uppbyggjandi stuðning til þess að styrkja gæði verkefna þeirra;
- ▶ fundi með styrkhöfum og samstarfsaðilum til þess að veita upplýsingar um framgang og þróun;
- ▶ tæki til að bæta gæði æskulýðsverkefna.

HVERNIG Á AÐ SÆKJA UM EYF STYRK – SKREF FYRIR SKREF

1. Skráningarbeiðni skal send til EYF rafrænt í gegnum, fej. coe.int.
2. Skila skal inn styrkumsókn á netinu, á tilskildum tíma.
3. EYF metur þær umsóknir sem borist hafa. Ferlið gæti leitt til frekari samskipta við umsækjendur og þeir beðnir að útskýra umsókn sína nánar.
4. Nefnd um æskulýðsverkefni tekur ákvarðanir um umsóknir. Nefndin er samstýrður lögskipaður aðili í ungmennadeild Evrópuráðsins og samanstendur af fulltrúum átta æskulýðssamtaka og átta fulltrúum aðildarríkja.

Evrópuráðið

Council of Europe
30, rue Pierre de Coubertin
F-67000 Strasbourg, France
+33 3 88 41 20 19
eyf@coe.int
<http://eyf.coe.int>
www.coe.int/en/web/youth/youth-strategy-2030

Fylgdu  okkur:

ISL

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnun Evrópu a sviði mannréttindamála. Aðildarríkin eru 46 talsins og eru þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttaríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjón með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

